



Leiðbeiningar

# Miðlun upplýsinga um óforpökkuð matvæli

Mái 2016



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Vörur seldar til neytenda og stóreldhúsa.....	2
Vörur seldar til matvælafyrirtækja (annarra en stóreldhúsa).....	3
Viðauki - Reglugerðarákvæði.....	4

## Inngangur

Hér er að finna leiðbeiningar um miðlun upplýsinga um óforpökkuð matvæli, þ.e. matvæli sem falla ekki undir eftirfarandi skilgreiningu á „forpökkuð matvæli“ eða eru ópökkuð.

Skilgreining á *forpökkuðum matvælum*:

*“stök vara sem er kynnt sem slík til lokaneytenda og stóreldhúsa og samanstendur af matvælum og þeim umbúðum sem þau voru sett í áður en þau voru boðin til sölu, hvort sem slíkar umbúðir umlykja matvælin algerlega eða einungis að hluta til, en alltaf þannig að ekki sé hægt að breyta innihaldinu án þess að opna eða breyta umbúðunum; hugtakið „forpökkuð matvæli“ nær ekki til matvæla sem er **þakkað í umbúðir á sölustað að beiðni neytandans** eða eru **forpökkuð til beinnar sölu**”*

Reglur um skyldur fyrirtækja varðandi miðlun upplýsinga um óforpökkuð matvæli koma fram í reglugerð nr. [1294/2014](#) um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, sem innleiðir reglugerð Evrópusambandsins nr. 1169/2011. Einnig getur þurft að fara eftir ákvæðum fleiri reglugerða. Sjá nánar um reglugerðir í viðauka.

## Vörur seldar til neytenda og stóreldhúsa.

Matvörur til neytenda og stóreldhúsa sem skv. skilgreiningu eru <u>ekki</u> forpakkaðar	Hvaða upplýsingum þarf að miðla og hvernig	Fjarsala	Áskrift að heimsendum mat
<p><b>Ópökkuð matvara:</b> Dæmi: Brauðvörur eða sælgæti í sjálfsafgreiðslubörum, grænmeti og ávextir, matur á veitingastöðum og pylsa í sjoppu.</p>	<p>Neytandinn á rétt á öllum sömu upplýsingum og þegar um forpakkaða vöru er að ræða, nema um næringargildi. Skriflegar upplýsingar þarf um <b>ofnæmis- og ópolsvalda</b>, eða skriflegar upplýsingar um að starfsfólk veiti þær upplýsingar. Aðrar upplýsingar mega vera munnlegar.</p>	<p>Þegar selt er á internetinu eða í síma verða upplýsingarnar að vera aðgengilegar: * áður en kaup eru ákveðin, á upplýsingaefni fjarsölu eða með viðeigandi hætti í efni merktu eiganda vefsíðu * og við afhendingu.</p>	<p>- Upplýsingar skulu fylgja matnum með merkingum eða í skjölum, eða vera alltaf aðgengilegar s.s. í síma, t-pósti eða á vefsíðu.</p>
<p><b>Matvara sem pakkað er í umbúðir á sölustað að beiðni neytandans:</b> Matvara sem er ekki pakkað fyrir en neytandi hefur pantað/beðið um hana. Dæmi um þetta er kjöt úr kjötbörði, brauð í bakaríi, pítsa pöntuð frá skyndibitastað. Snittur og veislumatur sem sendur er í heimahús. Heimsendur matur í áskrift.</p>	<p>Allar upplýsingarnar verða alltaf að vera aðgengilegar og auðfengnar hjá starfsfólki eða á skiltum eða öðrum merkingum við eða á vörunni vel sýnileg þar sem kaup eru ákveðin.</p>		<p>Fyrirtæki þarf að fá upplýsingar um ofnæmi/óþol áskrifanda.</p>
<p><b>Matvara forpökkuð til beinnar sölu:</b> Matvara sem er framleidd, tilreidd eða skipt upp og sami smásali pakkar henni og selur. Dæmi um matvæli „forpökkuð til beinnar sölu“ eru kökur í bakaríi sem eru settar í umbúðir til sölu á staðnum eða samlokur og kökur framleiddar í framleiðslueldhúsi kaffihúss. Einnig getur bakaríið/kaffihúsið farið með eigin vöru og selt sjálft í eigin verslunum/kaffihúsum eða selt t.d. á markaði.</p>	<p>Ef vara er „forpökkuð til beinnar sölu“ getur hún verið merkt með öllum nauðsynlegum upplýsingum eins og um forpakkaða vöru sé að ræða og þarf þá að uppfylla sömu reglur, þ.e. upplýsingar verða að vera á sama formi og ef um forpakkaða vöru er að ræða. Ef aðeins hluti upplýsinga kemur fram í merkingum verður að gæta þess að þær séu ekki villandi t.d. ef aðeins sum innihaldsefni eru gefin upp.</p>		

## Vörur seldar til matvælafyrirtækja (annarra en stóreldhúsa).

Hvaða upplýsingum þarf að miðla áfram til fyrirtækja, sem taka við óforpökkuðum matvörum		
Matvörur til matvælafyrirtækja (annarra en stóreldhúsa)	Um ofnæmis- og ópolsvalda	Um önnur atriði
<p><b>Frá framleiðslufyrirtæki eða stóreldhúsi /veislupjónustu til fyrirtækja sem nota matvælin ekki sem lið í rekstri</b>                      Dæmi: Snittur, brauðtertur og önnur matvæli sem eru send sem veitingar í samkvæmi eða fundi í fyrirtæki.</p>	<p>Upplýsingar sem varða ofnæmis- og ópolsvalda þurfa að vera skriflegar                      - eða upplýsa skriflega að starfsfólk gefi upplýsingar.</p>	<p>Seljandi skal geta veitt allar upplýsingar skv. a-k liðum í 9. grein og 10. grein í ESB rgl. 1169/2011 (sbr. 6. grein í reglugerð 1294/2014)                      - með merkingum eða skjölum, eða upplýsingum sem eru alltaf aðgengilegar s.s. í síma, t-pósti eða á vefsíðu</p>
<p><b>Frá framleiðslufyrirtæki eða stóreldhúsi /veislupjónustu til stóreldhúss eða verslunar</b>                      (6. tl. 8. grein í ESB rgl.1169/2011).                      Dæmi: Snittur, brauðtertur og kökur til veitingahúsa. Bakarívörur til mótuneyta eða verslana. Ísblöndur til ísbúða. Hádegismatur í stóreldhús (mötuneyti) fyrirtækja. Fiskur/saltfiskur/fiskréttir til verslana sem selja í fiskborði.</p>	<p>Senda þarf stóreldhúsinu (mötuneyti, veitingastað, kaffihúsi) og versluninni upplýsingar til þess að hægt sé að miðla lögboðnum upplýsingum til neytenda, þ.e. öllum upplýsingum skv. a - k liðum 9. greinar og 10. grein í ESB rgl. 1169/2011.</p>	
<p><b>Frá matvælafyrirtæki til matvælafyrirtækis</b>                      (8. tl. 8. grein í ESB rgl. 1169/2011).                      Dæmi: Ópökkuð brauð frá bakaríi til samlokuframleiðanda. Fiskur í kössum til vinnslufyrirtækis.</p>	<p>Framleiðslufyrirtæki A þarf að veita nægjanlegar upplýsingar til að gera framleiðslufyrirtæki B kleift, þegar við á, að uppfylla skyldur sínar um réttar upplýsingar/merkingar</p>	

### Á ytri þakkingar matvæla þarf að merkja:

- Vöruheiti
  - Fyrirtækisheiti ábyrgðaraðila og heimilisfang ef vara er ekki merkt með auðkennismerki
  - Lotunúmer eða geymslupósdagsetning (best fyrir eða síðasti notkunardagur)
  - Geymsluskilyrði vörunnar
- Vörur úr dýraríkinu skulu einnig merktar með:
- Auðkennismerki

### Hversu oft þarf að senda upplýsingablöð með innihaldslista, næringar- og ofnæmisupplýsingum o.fl. til að uppfylla kröfur ?

SVAR: Ekki er skilgreint hve oft þarf að senda slíkar upplýsingar. Lágmark er að senda slíkt í byrjun og þegar breytingar verða á vöru og þegar kaupandi óskar eftir. Mikilvægt er að einkenna skjölin með dagsetningu eða á annan hátt til að auðvelt sé að sjá hvort um nýjasta eintak skjalanna er að ræða.

## Viðauki - Reglugerðarákvæði

Reglugerðarákvæði varðandi forpökkuð og óforpökkuð matvæli:	
<p>Reglur um upplýsingar um matvæli koma fram í reglugerð nr. <a href="#">1294/2014</a> um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda sem innleiðir reglugerð Evrópusambandsins nr. 1169/2011.                      (Um sum matvæli gilda einnig sérreglur með merkingaákvæðum s.s. um aldinsafa, kakó- og súkkulaðivörur og barnamat.)</p>	
2. grein 2. tl. e-liður í ESB rgl. nr. 1169/2011	<p>„forpökkuð matvæli“: stök vara sem er kynnt sem slík til lokaneytenda og stóreldhúsa og samanstendur af matvælum og þeim umbúðum sem þau voru sett í áður en þau voru boðin til sölu, hvort sem slíkar umbúðir umlykja matvælin algerlega eða einungis að hluta til, en alltaf þannig að ekki sé hægt að breyta innihaldinu án þess að opna eða breyta umbúðunum; hugtakið „forpökkuð matvæli“ nær <b>ekki</b> til matvæla sem er <b>þakkað í umbúðir á sölustað að beiðni neytandans</b> eða eru <b>forpökkuð til beinnar sölu</b>,</p>
9. og 10. grein í ESB rgl. nr. 1169/2011	<p>Upptalning á þeim atriðum sem skylt er að merkja/upplýsa um matvæli [þetta á við öll matvæli, en í 12. og 44. grein kemur síðan fram að sérákvæði er um óforpökkuð matvæli]</p>
12. grein 5.tl.í ESB rgl. nr. 1169/2011	<p>„Ef um er að ræða matvæli sem <b>ekki</b> eru forpökkuð skulu ákvæði 44. grein gilda“.</p>
44. grein í ESB rgl. nr. 1169/2011	<p>Skylt er að miðla upplýsingum um ofnæmis- og ofnæmisupplýsingar [skriflega eða munnlega].                      Ef þær eru gefnar munnlega, þurfa upplýsingar um að hægt sé að fá slíkar upplýsingar að vera skriflegar.                      - Það kemur síðan fram í landsreglum hvers lands hvaða aðrar upplýsingar þarf að gefa um matvæli sem ekki eru forpökkuð. Það er sem sagt ekki samræmt á EES svæðinu hvernig á að merkja/upplýsa um óforpökkuð matvæli, nema um ofnæmis- og ópolsvalda, sjá 6. gr. í reglugerð nr. 1294/2014.</p>
6. grein í reglugerð nr. <b>1294/2014</b>	<p>Seljandi skal geta veitt kaupanda upplýsingar um öll atriði í 9. grein, nema lið I sem er næringaryfirlýsingar (næringarmerkingar), og 10. grein í ESB 1169/2011.                      Upplýsingar sem tilgreindar eru í c-lið 1. tölul. 9. gr. reglugerðarinnar, þ.e. um ofnæmis- og ópolsvalda, sem seljanda er skylt að veita við markaðssetningu vörunnar, er heimilt að gefa upp á hvaða hátt sem er þ.m.t. munnlega.                      Ef upplýsingarnar eru gefnar munnlega verður seljandi að gefa það til kynna á sýnilegan hátt að starfsfólk veiti nánari upplýsingar s.s. með merkimiða, á matseðli eða á skilti þar sem neytandi velur matvælin.</p>

Ákvæði	Reglugerð nr. 1294/2014	Leiðbeiningar á mast.is	
Tungumál	3. grein		
Nettómagn	4. grein		
Geymsluskilyrði	5. grein		
<b>Matvæli sem ekki eru forpökkuð</b>	<b>6. grein</b>		
Framleiðslulota	7. grein		
Uppruni og tegund matvæla	8. grein		
Yfirlýsing vegna D-vítamíns	9. grein		
Lágmarksgeymsluþol	10. grein	Um merkingu á geymsluþoli	
Ákvæði í 9. grein í reglugerð ESB nr. 1169/2011	Nánar í öðrum greinum og viðaukum í reglugerð ESB nr. 1169/2011	Í reglugerð nr. 1294/2014	Leiðbeiningar á mast.is
<b>a</b> Heiti matvæla	17. gr. og viðauki VI		
<b>b</b> Listi yfir innihaldsefni	18. - 20. gr. og viðauki VII		Um merkingar aukefna, bragðefna, ensíma
<b>c</b> Ofnæmis- og ópolsvaldar	21. gr. og viðauki II		Um ofnæmi og ópolsvalda
<b>d</b> Magnmerking	22. gr. og viðauki VIII		Um magnmerkingar
<b>e</b> Nettómagn	11., 23., og 42. gr. og viðauki IX	4. grein	
<b>f</b> Best fyrir og síðasti notkunardagur	24. gr. og viðauki X	10. grein	Um merkingu á geymsluþoli
<b>g</b> Geymsluskilyrði	25. gr.	5. grein	
<b>h</b> Ábyrgðaraðili	8. gr.		
<b>i</b> Uppruni	26. gr. og viðauki XI	8. grein	Um upprunamerkingar matvæla
<b>j</b> Leiðbeiningar ef þörf krefur	27. gr.		
<b>k</b> Alkóhól %	28. gr.		
<b>l</b> <u>Næringarmerking/yfirlýsing</u>	29.-35.gr. og viðauki I, V, XIII-XV		Um merkingu næringargildis matvæla
Í 10. grein í rgl. ESB nr. 1169/2011			
Viðbótarmarkeringar	viðauki III		
<b>Mikilvægar almennar reglur eru í 7., 12. og 13. grein reglugerðar ESB nr. 1169/2011 s.s.</b>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Upplýsingar mega ekki villandi</li> <li>• Ekki fullyrða að matvæli geti unnið á sjúkdómum</li> <li>• Upplýsingar skulu vera tiltækar og vel aðgengilegar</li> <li>• Ekki má hylja eða skyggja á merkingar eða draga úr læsileika með truflandi efni s.s. myndum</li> <li>• Ákvæði um lágmarksletursstærð</li> </ul>			

## Fleiri reglugerðir sem innihalda ákvæði um upplýsingar um matvæli

- finna má reglugerðirnar með leitarorði [hér](#)

- hollustuhættir er varða matvæli úr dýraríkinu nr. 104/2010 (frystidagsetning matvara milli fyrirtækja)
- kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingu nautakjöts nr. 968/2011 (uppruni nautgripakjöts í kjötborði)
- kjöt og kjötvörur nr. 331/2005 (vöruheiti og viðmið um innihald)
- mjólkurvörur nr. 851/2012 (vöruheiti)
- sykur og sykurvörur nr. 366/2003
- hunang nr. 288/2003
- neysluvatn nr. 536/2001
- aldinsafa og sambærilegar vörur nr. 975/2013 (vöruheiti og innihald)
- aldinsultur og sambærilegar vörur nr. 656/2003 (vöruheiti og innihald)
- kakó- og súkkulaðivörur nr. 978/2002 (vöruheiti og innihald)
- aukefni nr. 978/2011
- bragðefni nr. 187/2015
- ensím nr. 977/2011
- erfðabreytt matvæli nr. 1237/2014
- fæðubótarefni nr. 624/2004
- íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli nr. 327/2010
- Sérfæði nr. 865/2010 og reglugerðir um
  - barnamat fyrir ung-og smábörn
  - ungbarnablöndur og stoðblöndur
  - matvæli til að nota í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi
  - megrunarfæði